

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um fjölda innlagna á Landspítala vegna valaðgerða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu margir einstaklingar lögðust inn á Landspítala árið 2019 og 2020 og það sem af er ári 2021 vegna valaðgerða á einkareknum stofum:*

- a. vegna mjaðmaaðgerða,*
- b. vegna hnéaþgerða,*
- c. vegna aðgerða á öxl,*
- d. vegna annarra tiltekinnna valaðgerða?*

Vísað er í svar við sambærilegri fyrirspurn sem fór til sama þingmanns fyrir rúmu ári (þingskjal 413 í 252. máli 151. löggjafarþings\*). Til þess að ná fram nákvæmum svörum þurfa klínískir sérfræðingar Landspítala að fara handvirkir í gegnum gögnin. Vegna mikilla anna í klínískri vinnu vannst ekki tími til þess en nýlega var reynt að meta álag af skurðaðgerðum á Landspítala í kjölfar aðgerða sem framkvæmdar eru á sjálfstætt reknum stofum eða á öðrum heilbrigðisstofnunum. Var bæði fengið mat yfirlækna helstu sérgreina skurðlækninga en einnig reynt að meta umfangið eftir tiltekinni leit í skráningu í sjúkraskrá. Báðar aðferðir skiluðu nokkuð álíka niðurstöðu; að gera megi ráð fyrir allt að 100 aðgerðum á Landspítala á ári vegna fylgikvilla aðgerða á stofu eða á annarri heilbrigðisstofnun. Af þeim má gera ráð fyrir 5 legum á gjörgæsludeild. Í þeim tilvikum er um afar veika einstaklinga að ræða sem oftast en ekki eiga margra vikna legu á Landspítala í kjölfarið. Ekki var unnt að meta fjölda koma á bráðadeild í Fossvogi en samkvæmt mati sérfræðinga Landspítala má hið minnsta reikna með þreföldum þessum fjölda, þ.e. um 300 komum.

---

\* <https://www.althingi.is/alttext/pdf/151/s/0413.pdf>